



Samgöngu- og sveitarstjórnarrá
Sölvhólsgrötu 7
101 Reykjavík

Erindið sent í gegnum samráðsgáttina.

Akranesi, 30.06.2019
1906183 SFP/sas

Efni: Tekjustofn sveitarfélaga - umsögn v. frumvarps til laga um breytingu

Á fundi bæjarráðs Akraness, sem haldinn var þann 27. júní síðastliðinn, var fjallað um drög að umsögn Akraneskaupstaðar vegna áforma Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um frumvarp til laga til breytinga á lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995. Umsögnin er send í gegnum samráðsgátt stjórnvalda og er hún svohljóðandi:

„Á fundi bæjarráðs Akranes þann 27. júní 2019 var fjallað um frumvarp til laga um breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Frumvarpið felur í sér breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga sem snúa að Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Bæjarráð Akraness fagnar frumvarpinu sem felur í sér aukna þátttöku Jöfnunarsjóðs í átaki til eflingar sveitarstjórnarstigsins. Eitt af markmiðum frumvarpsins er að rýmka heimildir Jöfnunarsjóðs til að úthluta sérstökum framlögum vegna sameiningar sveitarfélaga, svo að kostnaður við framkvæmd sameininga sé ekki hindrun og hið sameinaða sveitarfélag standi ekki verr að vígi fjárhagslega en forverar þess gerðu hvert í sínu lagi.

Bæjarráð Akraness hvetur til þess að ríkið taki markvissan þátt í styrkingu sveitarstjórnarstigsins og fjárfesti í því með það að markmiði að sveitarfélög verði sjálfbærar þjónustu- og rekstrareiningar. Ekki verði einungis fjárhagslegir hvatar til sameiningar sveitarfélaga heldur ráði þar mestu að hagur íbúa sé hafður í öndvegi í öflugum sveitarfélögum sem bjóða íbúum sínum upp á góða þjónustu.



Akraneskaupstaður

Samhliða þessu fagnar bæjarráð Akraness því að meirihluti fjárlaganefndar Alþingis hafi fallið frá tímabundinni frystingu framlaga til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga árin 2020 og 2021. Það er ljóst á þessari niðurstöðu að barátta sveitarfélaga og landshlutasamtaka gegn þessum áformum skilaði sveitarfélögum landsins jákvæðri niðurstöðu.“

Elsa Lára Arnardóttir (sign)

Valgarður Lyngdal Jónsson (sign)

Ólafur Adolfsson (sign)

Fyrir hönd Akraneskaupstaðar,

Sævar Freyr Þráinsson

bæjarstjóri